

328. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÁNUDAGINN 30. ÁGÚST 2021 KL. 13:00

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Fjárhagsáætlun 2022
 - i) Erindi Sálmabókanefndar
 - b) Þorsteinsstaðir
 - c) Staðarholt, Vopnafirði
 - d) Erindi Hrunasóknar
 - e) Loftlagsverkefni
- 3) Kirkjuþing
 - a) Mál sem voru afgreidd á aukakirkjuþingi 2021 í ágúst
 - b) Yfirferð forseta kirkjuþings
- 4) Önnur mál

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn.

Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Ragnhildur Ásgeirsdóttir, settur skrifstofustjóri Biskupsstofu, Ásdís Clausen, fjármálastjóri og séra Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Undir liðum 2a-d sátu jafnframt séra Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings, Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings og Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings, en síðarnefndu sátu jafnframt fundinn undir liðum 3a og 3b.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) Fjárhagsáætlun 2022

Fjármálastjóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2022 og helstu breytingar frá 326. fundi kirkjuráðs.

Umræðunni verður haldið áfram á næsta fundi kirkjuráðs.

i. Erindi Sálmaþókanefndar

Lögð fram erindi Sálmaþókanefndar frá 14. apríl 2021 og 15. júní 2021, varðandi smíði á gagnagrunni fyrir nýja sálmaþók.

Kirkjuráð samþykkti að setja verkefnið á drög að fjárhagsáætlun ársins 2022.

b) Þorsteinsstaðir

Lagt fram erindi, dags. 21. júní 2021, þar sem óskað er leigu á lóð fyrir sumarhústað.

Kirkjuráð samþykkti að hafna erindinu.

c) Staðarholt, Vopnafirði

Rætt var um leigusamning vegna lóðar í Staðarholti.

Kirkjuráð samþykkti beiðni kvenfélagsins Lindarinnar varðandi leigu lóðarinnar.

d) Erindi Hrunasóknar

Lagt fram erindi sóknarprests Hrunakirkju f.h. sóknarnefndar, dags. 27. ágúst 2021, varðandi lagningu slitlags að Hruna.

Kirkjuráð samþykkti að ráðast í framkvæmdina með því skilyrði að kostnaðurinn yrði greiddur á nýju ári.

e) Loftlagsverkefni

Sr. Axel Árnason Njarðvík kynnti verkefni umhverfishópsins. Lögð var fram tafla á minnisblaði dags. 29. ágúst 2021, með þeim hugmyndum að framkvæmdum sem umhverfishópurinn vill ráðast í er varðar endurheimt votlendis, skógrækt, landgræðslu og fleira.

□ Kirkjuráð þakkaði kynninguna og samþykkti leyfi til undirbúnings að framkvæmdum þeim sem lagðar voru til, þ.e. að sækja um framkvæmdarleyfi til sveitarfélaga varðandi endurheimt votlendis á eftirfarandi jörðum: Reynivellir, Mælifell, Kolfreyjustaður, Hof í Vopnafirði, Skálholt, Mosfell í Grímsnesi og Árnes 1.

Stefán Magnússon óskaði eftir að bókað yrði að hann lýsti sig mótfallinn væntanlegum undirbúningi að framkvæmdum á kirkjujörðinni Árnesi þar sem fasteignahópur kirkjuþings hefur jörðina til sérstakrar skoðunar.

3. KIRKJUÞING

a) *Mál sem voru afgreidd á kirkjuþingi 2021 í júní sl.*

6. mál. Þingsályktun um ákvörðun launa og annarra starfskjara biskups Íslands og vígslubiskupa.

Þingsályktunin felur í sér að kjaranefnd ákvarði laun og önnur starfskjör biskups Íslands og vígslubiskupa.

7. mál. Tillaga til þingsályktunar um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar

Málinu var vísað til annarrar umræðu.

8. mál. Þingsályktun um gjaldskrá um greiðslur vegna prestsþjónustu

Þingsályktunin felur í sér að gjaldskrá er útfærð og samræmd við kjarasamning Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og Prestafélags Íslands, frá 21. júní 2021.

b) *Yfirferð forseta kirkjuþings*

Forseti kirkjuþings fór yfir væntanlegt kirkjuþing sem fyrirhugað er að halda laugardaginn 23. október nk. og greindi frá fyrirliggjandi málum.

4. ÖNNUR MÁL

Ekkert undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 16:30.

Næsti reglulegi fundur kirkjuráðs verður haldinn fimmtudaginn 7. október nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir